

# Fréttabréf

## Grunnskóla Hornafjarðar



Fréttabréf 2. tbl. 12. árg. febrúar 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

### *Innra mat á skólastarfi*

Í þessu fréttabréfi verður fyrst og fremst gerð grein fyrir innra mati í skólanum og þá sérstaklega þeim hluta sem snýr að foreldrum og nemendum og unnið er í gegnum Skólapúlsinn. Markmiðið með innra mati er að finna veikleika og styrkleika skólans og vinna með þá í þágu nemenda og bættis skólastarfs. Auk Skólapúlsins er notast við ýmiskonar annað innra mat bæði með foreldrum og nemendum. Má þar nefna tengslakannanir, viðtöl, rýnivinnu með t.d. hugmyndaráði, skólaráði og skólaþing svo fátt eitt sé talið.

Innra mat eða sjálfsmat er eitt af lögbundnu hlutverkum skólans og lögð er áhersla á að nemendur, foreldrar og starfsmenn séu virkir í því mati og að niðurstöður þess séu birtar opinberlega. Heildar niðurstöður innra og ytra mats eru birtar á heimasíðu skólans



<http://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/>.

### *Skólapúlsinn*

Nemendur í 6. – 10. bekk svara spurningum Skólapúlsins þrisvar sinnum yfir veturinn en þó svarar hver nemandi bara einu sinni. Niðurstöður þessara kannana skipta miklu máli fyrir skólastarfið og mikilvægt að taka mark á þeim. Í þeim koma fram vísbendingar um það hvernig staðan er hjá okkur í þremur mikilvægum málaflokkum er varða nemendur. Í fyrsta lagi virkni nemenda í skólanum, öðru lagi líðan þeirra og heilsa og í þriðja lagi skóla- og bekkjarandinn. Hér verður sagt frá helstu niðurstöðum eftir mælingu tvö.

## Virgni nemenda

Í þessum þætti kemur fram líkt og í síðustu mælingu að nemendur hafa marktækt minni trú á eigin vinnubrögðum og eigin námsgetu en jafnaldrar þeirra annars staðar á landinu. Þá hafa þeir heldur minni þrautseigju í námi og minni ánægju af náttúrufræði. Lestraráhugi nemenda hefur dalað á skólaárinu og eins er með áhuga nemenda á stærðfræði. Þó að áhugi nemenda á stærðfræði og lestri hafi minnkað aðeins í vetur erum við enn yfir meðaltali sem er ánægjulegt. Samt sem áður er áhyggjuefni að nemendur hafi litla trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum og þar verðum við að halda áfram að skoða hvað veldur.



## Líðan og heilsa

Breytingar hafa orðið innan skólaársins til hins verra á mælingum varðandi líðan nemenda, sjálfsáliti þeirra og trú þeirra á að þeir hafi stjórn á eigin lífi og eru þeir undir landsmeðaltali þar. Einelti hefur aukist í mælingum á milli mánaða og erum við aftur komin yfir landsmeðaltalið. Við erum vel yfir meðaltalinu þegar rætt er um hreyfingu nemenda en við erum aftur komin undir meðaltalið þegar spurt er um hollt mataræði.


## Skóla og bekkjarandi

Nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar telja marktækt meira en aðrir að heimavinna sé mikilvægur þáttur í náminu. Þá telja þeir sig taka virkan þátt í tímum og agi í tímum hefur aukist frá í haust en hefur samt sem áður minnkað á milli ára og erum við undir landsmeðaltali þar. Gott samband er hinsvegar á milli nemenda og kennara en of margir nemendur samsama sig ekki við nemendahópinn og er marktækur munur þar á miðað við aðra nemendur á landinu.



## Samantekt á textasvörum

Nemendur eiga að lýsa því sem þeim finnst gott við skólann og eru þeir



almennt ánægðir. Þeir eru ánægðir með kennarana og skólafélagana og á unglingastiginu eru þeir ánægðir með að fá að vera inni í frímínútum.

Einnig eiga þeir að lýsa því sem þeim finnst slæmt við skólann og þar kemur fram að þeim finnst maturinn ekki alltaf góður. Of fáir sófar á unglingastiginu og

sumir nemendur gefa ekki alltaf vinnufrið í tímum.

## Samantekt

Ýmislegt í niðurstöðum Skólapúlsins kemur ágætlega út en þó eru þættir sem við höfum haft áhyggjur af og höfum enn en það er t.d. einelti, samsömun við nemendahópinn, líðan og trú á eigin getu. Þrátt fyrir mikla vinnu innan skólans gengur hægt að breyta þessum þáttum og verður því að halda áfram að vinna að þeim þar. En það er líka mikilvægt að nemendur sjálfir, heimilin og samfélagið í heild geri sér grein fyrir stöðunni. Það er sameiginlegt verkefni alls skólasamfélagsins að bæta þessa þætti.

## *Skólapúlsinn fyrir 1. – 5. bekk*

Sú nýbreytni verður í apríl að þá munu nemendur í 1. – 5. bekk taka þátt í Skólapúlsinum. Sú könnun verður mun einfaldari í sniðum og snýr fyrst og fremst lestri, bæði innan og utan skólans. Það verður gaman að sjá niðurstöður þeirrar könnunar.




# Foreldrakönnun Skólapúlsins

Síðustu ár höfum við lagt kannarnir fyrir foreldra ákveðinna árganga í tengslum við foreldraviðtöl. Nú verður því hætt og fyrst og fremst stuðst við netkönnun á vegum Skólapúlsins þar sem tilviljanakennt úrtak foreldra er beðið að svara. Könnun Skólapúlsins tekur á fleiri þáttum og hægt er að bera niðurstöðurnar saman við landsmeðaltal. Því hvetjum við foreldra sem hafa fengið boð um að taka þátt í könnuninni til þess að svara svo niðurstöðurnar nýtist sem best til umbótum í skólastarfinu.

## Matseðill fram að páskum

- 20. feb. Skólabjúgu með kartöflum og jafning.
- 21. feb. Fiskibollur með lauksósu.
- 22. feb. Subway samlokur í boði 8.B-10.E.
- 23. feb. Kjötsúpa.
  
- 26. feb. Nætursaltaður fiskur með rúgbrauði.
- 27. feb. Slátur í boði 9.N.
- 28. feb. Ofnsteiktur fiskur með smjöri.
- 1. mars Kjúklingaborgari í boði 10.S.
- 2. mars Hrísgrjónagrautur.
  
- 5. mars Steiktur fiskur með kartöflum.
- 6. mars Lambasnitseil í raspi.
- 7. mars Fiskibúðingur með karrýsósu.
- 8. mars Hakk og spaghetti.
- 9. mars Súpa, brauð og álegg.
  
- 12. mars Plokkfiskur með rúgbrauði.
- 13. mars Lambasteik með brúnni sósu.
- 14. mars Steikt rauðspretta með smjöri.
- 15. mars Píta með buffi.
- 16. mars Kakósúpa í boði 4.H.
  
- 19. mars Ofnsteiktur fiskur.
- 20. mars Kjúklingapottréttur með nanbrauði.
- 21. mars Fiskistangir með raspi.
- 22. mars Svikinn héri með brúnni sósu.
- 23. mars Pizza í boði 1.G-2.S-6.V.



**Verndum umhverfið – hugum að heilsunni**

Göngum eða hjólum í skólann, notum hjálm og endurskinsmerki þegar dimmt er og svo eru regnföt nauðsynleg hverjum Skaftfelling. 😊